



ÍSLENSK MÁLNEFND

Alþingi

Erindi nr. þ 120 / 1225

Komudagur 21/3 1996

Sólveig Pétursdóttir alþingismaður  
formaður allsherjarnefndar Alþingis

20. mars 1996

**Efni: Breytingar á lögum um mannanöfn**

Í tilefni af fyrirhugaðri afgreiðslu Alþingis á frumvarpi til laga um mannanöfn ítrekar Íslensk málnefnd fyrri samþykktir nefndarinnar um mannanafnalöggjöf. Einkum er vísað til umsagnar Íslenskrar málnefndar um fyrrgreint frumvarp, lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi, sem fylgdi bréfi málnefndarinnar til allsherjarnefndar, dags. 28. nóvember 1995. Enn fremur er vísað til bréfs Íslenskrar málnefndar til allsherjarnefndar Alþingis, dags. 15. febrúar 1995, um efnislega sama frumvarp, lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi. Auk þess er vísað til umsagnar Íslenskrar málnefndar frá 23. nóvember 1990, um frumvarp til núgildandi mannanafnalaga, sem var prentuð í Málfrægnum, 4. árg., 2. tbl., 1990.

Í umsögn Íslenskrar málnefndar frá 28. nóvember 1995 um frumvarp til mannanafnalaga kom fram að ef til vill væri „ráðlegast að fresta gagngerum breytingum á löggjöfinni í nokkur ár, bæði til þess að undirbúningurinn undir nýja löggjöf verði vandaðri og til þess að meiri reynsla fáist af núgildandi lögum og betra ráðrúm til að meta þá annmarka sem á þeim eru“. Í umsögn málnefndarinnar var í stuttu máli lögð áhersla á þrennt:

Aragötu 9, ÍS -101 Reykjavík  
Símar (91) 28530, (91) 622699, (91) 694300  
Nnr. 4832-3294  
Kennitala 460876-0449

Banki: Landsbanki Íslands, Vesturbæjarítíbú, reikningur 3027, pósthólfur 62269-9



„1. Beðið verði með grundvallarbreytingar á gildandi lögum en þó verði þegar í stað gerð sú breyting að Íslensk málnefnd tilnefni fulltrúa og varafulltrúa í mannanafnanefnd. Á þetta leggur málnefndin þunga áherslu.

2. Við síðari endurskoðun laganna verði öllum gert skylt að kenna sig við föður eða móður. Þó verði enginn maður þvingaður til að breyta nafni sínu.

3. Millinöfn verði leyfð, en mannanafnanefnd gefið umboð til aðhalds í þeim efnum og falið að semja sérstaka skrá um þau á sama hátt og um eiginöfn.“

Íslensk málnefnd fagnar breytingartillögu allsherjarnefndar við 21. gr. frumvarpsins, um að málnefndin tilnefni fulltrúa í mannanafnanefnd.

Íslensk málnefnd lýsir sig hins vegar andvíga breytingartillögum allsherjarnefndar við 6. gr., um að eiginnafr foreldris í eignarfalli verði heimilt sem millinafn, og við 8. gr., um að heimilt verði að kenna sig við báða foreldra.

Íslensk málnefnd ítrekar það álit sitt, sbr. fyrrnefnda umsögn frá 28. nóvember 1995, að frá sjónarmiði íslenskrar tungu og íslenskrar málræktar verði að telja að varðveisla föður- og móðurnafnasiðarins sé mikilvægasta hagsmunamálið. En nefndin telur ástæðu til að ætla að ættarnafn sem millinafn verði í almennri málnotkun algengt án þess að því fylgi kenninafn með *-dóttir* eða *-son* og því nái frumvarpið, verði það að lögum, í reynd ekki sem skyldi því markmiði, sem fram kemur í athugasemdum frumvarpshöfunda, „Að stuðla að því að ættarnöfn verði fremur notuð sem millinöfn en sem kenninöfn“.

F.h. Íslenskrar málnefndar

  
Gunnlaugur Ingólfsson varaformaður

Eftirrit send öðrum alþingismönnum